

# Fundargerð 57. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 22. febrúar kl. 14:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Einar Kristján Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Starfsnefnd um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu - 2202003SO**

Ása og Jónína fóru yfir þá vinnu sem hefur verið í gangi síðan síðasti stjórnarfundur var haldinn en starfsnefndin hefur tekið til starfa.

Stjórn samþykkti að fela formanni stjórnar og Jónínu að skoða kostnað við að láta KPMG greina töluleg gögn um stöðu aðildarsveitarfélaganna en slík vinna myndi nýtast starfsnefndinni í þeirra vinnu.

Stjórn samþykkir að boða aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga til upplýsingafundar í fjarfundabúnaði þriðjudaginn 28. febrúar klukkan 11:00. Þar mun Haraldur Þór Jónsson oddviti og sveitarstjóri fara yfir þá vinnu sem Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur verið að vinna að undanfarið ásamt því að störf starfsnefndar verða kynnt lítillega.

Starfsnefndin leggur til að hafa vinnustofu með fulltrúum aðildarsveitarfélaganna þar sem farið verður yfir verkefni starfsnefndar og hvert markmið hennar er. Á vinnustofunni er einnig áætlað að finna sameiginlega sýn sveitarfélaganna er varðar tekjur sveitarfélaga af orkuvinnslu. Stefnt er að því að sá fundur verði haldinn 2. mars.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga samþykkir að starfsnefndin fái KPMG til að halda utan um slíkan fund á kostnað samtakanna enda sé fundurinn í takt við fyrstu drög að stefnumótun samtakanna frá KPMG.

Stjórn samþykkir að greiða ferðakostnað og dagpeninga til Jónínu Brynjólfsdóttur vegna mögulegs fundar á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við starfsnefndina.

Stjórn óskar eftir því að fundargerðir starfsnefndar verði lagðar fram til kynningar á stjórnarfundum SO og vill jafnframt koma því á framfæri að

starfsnefndin sé áfram í góðu samstarfi og upplýsi stjórn SO reglulega um stöðu mála.

Fundi var slitið kl. 14:35

---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Árni Eiríksson

---

Jónína Brynjólfsdóttir

---

Knútur Emil Jónasson

---

Einar Kristján Jónsson

---

Grétar Ingi Erlendsson